

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Styrkir fyrir námsmenn

Umsóknarfrestur er til 23. mars.

Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.

Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2012-2013.

Veittir verða styrkir í fimm flokkum

- » 3 styrkir til framhaldsskólanáms, 200.000 kr. hver.
- » 3 styrkir til iðn- og verknáms, 350.000 kr. hver.
- » 3 styrkir til listnáms, 450.000 kr. hver.
- » 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr. hver.
- » 3 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 450.000 kr. hver.



Áhugasamir geta skoðað FIFA-myndböndin hans Guðjóns Daniels á youtube.com/gudjondaniel.

Guðjón Daníel Jónsson er forfallinn FIFA-spilari sem hefur skapað sér nafn á heimsvettvangi. **Monitor** spurði hann út í nýlega utanlandsferð þar sem hann prófaði leikinn FIFA Street 2012 í bækistöðvum tölvuleikjarisans EA Sports.



GUÐJÓN DANÍEL Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 030192.
Uppáhaldsmatur: Nautalund.
Uppáhaldstölvuleikur: FIFA-serían.
Uppáhaldslíð til að stýra í FIFA: AC Milan.
Uppáhaldstakki á PS3-fjarstýringunni: Hringurinn.

ÆTLI UPPÁHALDSBLÓMIÐ HANS GUÐJÓNS SÉ FIFA?

Mynd/Omar

Himnasending fyrir FIFA-spilara

„Ég var á Englandi fyrir tveimur vikum á vegum EA Sports þar sem ég fékk að prófa nýjasta FIFA Street-leikinn sem er ekki enn kominn á markað. Mér var sagt flogið út og þegar ég lenti á flugvelliðum beði mín einkabíljastjóri á ruddalegum Benz og svo var ég keyrður upp í stúdíó þar sem ég fékk að prófa leikinn,“ segir Guðjón Daníel Jónsson, sem er snillingur í hinum víðfræga fótboleik FIFA. „EA bauð átta gaurum sem þeir fundu á YouTube svo það var mjög skemmtilegt að verða fyrir valinu. Þetta kom mér auðvitað líka mjög á óvart, aldrei hefði mér dottið í hug að einhverjum Íslendingi eins og mér yrði boðið að prófa FIFA-leik af framleiðendunum sjálfum. Þetta var algjör himnasending.“

Guðjón Daníel hefur getið sér gott orð á YouTube að undanförmum sem FIFA-spilari. Hann segist hafa byrjað að spila leikinn af krafti fyrir þremur árum en fyrir einu ári byrjaði hann að taka þátt í FIFA-samfélaginu á YouTube sem gengur út á að taka upp kúnstir sínar í tölvuleiknum, klippa saman flott myndskemmtið úr því og setja á YouTube. „Fyrirtæki innan YouTube fann myndböndin sem ég hafði sett á netið og bauð mér síðan samning um að vera með sérsíðu undir mínu nafni. Eftir það virkar þetta þannig að ég fæ í raun greitt í samræmi við hve margir skoða myndböndin mín á YouTube-síðunni minni,“ bætir hann við. Til marks um athyglina sem Guðjón hefur vakið er hann með rúma 12.000 fylgjendur á YouTube-síðu sinni og tæpa

3.000 fylgjendur á Twitter, en vinnur hann markvisst að því að stækka nafn sitt á þessum vettvangi? „Þótt ég segi sjálfur frá þá er ég í raun kannski orðið dálítið nafn í þessum FIFA-heimi á YouTube. Ég er samt alltaf að reyna að auka fylgjendur á YouTube-síðunni minni. Það eru alveg til stór nöfn í þessu eins og einn sem ég þekki persónulega er með 230.000 fylgjendur á YouTube. Hann er svona eitt stærsta nafnið í þessum bransa.“ Vinsælasta myndband Guðjóns kom inn fyrir viku síðan en nú þegar hafa 165.000 manns horft á það, en gerir hann ráð fyrir að fara aftur út á vegum EA? „Núna þekkir maður þessa gæja úti svo það er aldrei að vita nema að manni verði boðið út til Kanada í sumar, þá verður FIFA 13 kynntur. Ég krosslegg bara fingur hvað það varðar.“

Fyrst og fremst fótboleikahugamaður

Guðjón Daníel útskrifaðist úr FG síðustu jóla og stefnir á nám við HR næsta haust. Eins og komið hefur fram er hann einstaklega fær við að stýra tölvuleikjaköllum í knattspyrnu, en er hann fær á fótboleikavellinum sjálfur? „Ég er alveg ágætur, æfði einu sinni með Fjölni og hefði mikinn áhuga á að fara að spila aftur með einhverju liði. Maður þarf bara fyrst að reyna að koma sér í form í ræktinni og svo sjáum við til. Fótboltinn er aðaláhugamálið hjá mér. Ég á í sjálfu sér enga drauma í þessum FIFA-dæmi, það er bara góður bónus.“ *elg*

Monitor mælir með

FYRIR LÍFSGLAÐA

Á laugardaginn næstkomandi fer fram leikur FC Ógn gegn svokölluðu Celeb-liði á KR-vellinum kl. 15. Leikurinn er spilaður til að minna alla á það að lifa lífinu lifandi auk þess sem ágóði leiksins rennur til Rakelar S. Magnúsdóttur sem háir nú baráttu við krabbamein. Njóttu boltans og leggðu góðu málefni lið á sama tíma.




FYRIR SÆLKERA

Monitor er þeirrar skoðunar að fetastur sé ómissandi í gott salat. Ekki aðeins er osturinn bragðgóður heldur veitir mjúka áferð hans svo óskaplega gott mótvægi við áferð grænmetisins. Í flokki fetastóts hérlandis er fetakubburinn fremstur á meðal jafningja, sannkallað þarfapung í hvern ísskáp.



FYRIR AFMÆLISBÖRN

Það er alltaf eitthvað gaman við það að vita hvaða stórstjörmur eiga afmæli sama dag og maður sjálfur. Smáforritið Today fyrir snjallsíma er skemmtilegt að því leyti að á hverjum degi sendir það þér stutta skýrslu með afmælisbörnum dagsins og yfirliti yfir stóra viðburði í mannkynssögunni sem áttu sér stað á þeim mánaðardegi.



Vikan á ...

facebook



Hlynur Júní Hallgrímsson
Shitt, var að selja Røde K2-inn minn til þess

að geta keypt mér þvottavél. Það er ekki mikið rokk í því. 7. mars kl. 18:10



Marta María Jónasdóttir
er hvorki skilin né flutt á Selfoss. Bara

svo það sé að hreinu :-). 7. mars kl. 13:07



Hödd Vilhjálmssdóttir
er í guddífiling að fylgjast með fólkinu í næsta húsi stíga trylltan dans. Óóó hvað þetta er vandræðalega myndið. Gerir þetta mig nokkuð að gluggagægi? Pervert? 6. mars kl. 20:58



Klara Elías
Íslenskt kvöld hjá okkur á Hollywood Blvd.. Flatkókur, hangikjöt, Smjörvi, Nóa Kropp og Djúpur.. (Reyndar skellti ég Wasa, Kalles Kaviar og harðsoðnum eggjum á borðið svo þetta væri líka soldið my style) NAMM!! 1. mars kl. 5:32

Feitast í blaðinu

Gettu Betur heldur áfram þegar **MH** mætir **Borgó** á föstudaginn í 8-liða úrslitum. >>4

Spiral frumsýnir nýjasta dansverk sitt í kvöld á Norðurpólnum úti á Nesi. >>6

Sóli Hólm laug oft til um nafn í æsku og sagðist þá oft heita Gunnar eða Atli. >>8

Friða og **Orri** leika aðalhlutverkin í Týpískri ástarsögu með leikfélagi FSu. >>13

Guðmundur Stephensen hefur orðið Íslandsmeistari í borðtennis 19 sinnum. >>14

Efst í huga Monitor

Sendu þitt síví á Monitor tíví

Eins og glöggir stuðningsmenn Monitor hafa eflaust tekið eftir þá hefur Monitor-sjónvarpið ekki verið nægilega virkt að undanförmum. Ástæðan er einföld þar sem í augnablikinu er enginn sem sinnir því að búa til innslög.

Eysteinn Sigurðarson, sem hélt síðast á Monitor-hljóðnemanum, þurfti frá að hverfa þar sem hann komst inn á leiklistarbraut Listaháskóla Íslands. Við óskum honum velfarnaðar á þeirri braut og eignum okkur að sjálfsgöðu allan heildurinn á velgengi hans í inntökuprófunum.

En nú leitar Monitor að einhverjum frábærum, frökkum og frambærilegum einstakling til að taka við keflinu



MONITOR TV

og þefa uppi skemmtilegt fólk til að spjalla við. Í blaðinu má finna heilsíðu auglýsingu með nánari upplýsingum en ef þú ert alveg með þetta þá skora ég á þig að sækja um. Sérstaklega vil ég skora á stelpur því að þær hafa ekki haldið á Monitor-hljóðnema síðan blaðið var götublað.

Tækifærið er gott og eru mörg dæmi sem sanna það að þetta geti verið upphafið að einhverju mögnuðu. Steindi jr. byrjaði með sketsapátt á MonitorTV í fyrndinni og þá fór Björn Bragi, þáttastjórnandi Týndu kynslóðarinnar, ljúfum höndum um míkrofóninn hér fyrir um ári síðan.

Þetta verður gaman. Koma svo! Þón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Sigurgeir Sigurðsson (sigurgeir@mbl.is) Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

PÓRGNÝR EINAR ALBERTSSON

Fyrstu sex: 080295.
Sérþekkingarsvið: Örn Úlfar, spurningahöfundur.
Staða á borði: Vinstri vængur.
Draumastuðningslag: Bara eitthvað ósköp fallegt.
Draumaspyrill: Það er bara Edda.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Einar Benediktsson, hann hjálpar.
Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa: Mér fannst mjög skemmtilegt þegar spurt var um palllettur hjá okkur á móti ME.
Draumaspyrning: Eitthvað um soróisma.
Uppáhaldsspurningaform: Bjölluspurningar.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? 1. mars 2001.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ég get lesið fjórar ef þær eru með myndum.
Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu? Mér þykir svo vænt um þetta að það mun taka mjög langan tíma.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég sef út og er svo í góðum félagskapp með strákunum. Við fáum okkur oftast eitthvað gott að borða saman.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Leifur er nú frekar mikill lukkugripur.



SIGURGEIR INGI ÞORKELSSON

Fyrstu sex: 130493.
Sérþekkingarsvið: Brangelina.
Staða á borði: Miðjan.
Draumastuðningslag: Gamla Gettu betur-lagið.
Draumaspyrill: Jóhanna Sigurðardóttir.
Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa: Mér fannst Berlusconi-spurningin í 8-liða úrslitum um daginn mjög skemmtileg.
Draumaspyrning: Hvað heita börn

Brangelinu?
Uppáhaldsspurningaform: Vísendingaspurningar.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Ætli það hafi ekki bara verið þegar ég fór í forprófið á fyrsta ári.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ég hugsa að ég lesi svona 0,6 bækur á dag.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég hef það rólegt og eyði tíma með líðsfélögum mínum.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Já, andlegi leiðtoginn okkar, Einar Ben.

LEIFUR GEIR STEFÁNSSON

Fyrstu sex: 271095.
Sérþekkingarsvið: Borgóliðið.
Staða á borði: Hægri vængur.
Draumastuðningslag: You'll Never Walk Alone.
Draumaspyrill: Egill Helgason.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Tíma.
Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa: Kattarþríþrautin.
Draumaspyrning: Hverjir rústuðu Carling-bikarnum um daginn?
Uppáhaldsspurningaform: Þríþraut.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Bara núna í haust þegar ég fór í forprófið.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ég hugsa að það sé ein.
Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu? Vonandi sem lengstan.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég sef út og slappa af.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Nei, ég er laus við alla hjátrú.

Strákamir í MH hafa frumleg sérþekkingarsvið

Veit allt um Örn Úlfar

GETTU BETUR

VALUR HREGGVIÐSSON

Fyrstu sex: 200793.
Sérþekkingarsvið: Kvikmyndir, tónlist og listir almenn.
Staða á borði: Ég er hægri megin.
Draumastuðningslag: Stattu upp með Bláum Ópal.
Draumaspyrill: Edda er mjög góð en ég held að það væri flott að fá Megas í þetta.
Hvað þarf til að ná langt í keppninni? Það þarf metnað og æfingu.
Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa: Í fyrra var spurning um bímyndina Clockwork Orange sem var nokkuð eftirminnileg.
Draumaspyrning: Ég myndi vilja fá vísendingaspurningu um Quentin Tarantino.
Uppáhaldsspurningaform: Hraðinn er skemmtilegastur.
Hvenær uppgötvaðir þú gáfur þínar? Ætli það hafi ekki bara verið strax í móðurkviði?
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Það fer dálítið eftir stærð bókanna. Annars er það mjög misjafnt.
Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu? Sumt mun maður örugglega eitthvað muna alla tíð en annað gleymist á nokkrum mánuðum.



BORGÓ

GRÉTAR ATLI DAVÍÐSSON

Fyrstu sex: 070193.
Sérþekkingarsvið: Lord of the Rings.
Staða á borði: Ég sit í miðjunni.
Draumastuðningslag: Þjóðsöngur Fjölnismanna.
Draumaspyrill: Frímenn Gunnarsson.
Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa: Ég hefði mjög gaman af spurningu um félagi minn og skák-snillinginn Hjörvar Stein Grétarsson um daginn.
Draumaspyrning: Í laginu „þér er ekki boðið“ með XXX Rottweiler er Davíð Oddssyni leyft að mæta með ákveðnu skilyrði. Hvert er skilyrðið?
Uppáhaldsspurningaform: Hraðaspurningar.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Það fer allt eftir stærð og lögun. Ég slátra þeim nokkrum en þú ekki í tugatali.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég tek því rólega, fæ frí úr skóla og geri bara mest lítið.

ARNÓR STEINN ÍVARSSON

Fyrstu sex: 030295.
Sérþekkingarsvið: Landfræði og saga.
Staða á borði: Vinstri vængur.
Draumastuðningslag: Simply the Best með Tinu Turner.
Draumaspyrill: Óttar Proppé.
Uppáhaldsspurning í keppninni til þessa: Mysingsspurningin sem ég fékk í fyrstu keppninni.
Uppáhaldsspurningaform: Vísendingaspurning.
Hvað getur þú lesið margar bækur á dag? Ég les lítið af bókum, líklega bara eina.
Hvað mun það taka langan tíma fyrir þig að tapa allri þessari þekkingu? Eitt gott höfuðhögg.
Hvernig undirbýrð þú þig á leikdegi? Ég reyni að sofa eins mikið og ég get og hugleiði.
Er einhver lukkugripur sem fylgir þér eða liðinu? Ég er alltaf með tannstöngul á mér.

Arnór Steinn í Borgó á sér lukkugrip

Alltaf með tannstöngul

NÝR OG FERSKUR KOSTUR Á SERRANO

Ljúffengt hollustusalat á Serrano er brakandi ferskur og nýr kostur á Serrano. Fáðu þér salat á Serrano – og njóttu hollustunnar í botn!


serrano
SERRANO.IS



Prófaðu
nýju salötin
á Serrano!

6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI

Stigið út fyrir þægindarammann

Ragna Sveinsdóttir og félagar hennar í dansflokknum *Spiral* frumsýna í kvöld dansverk sitt *Discomfort in Comfort* í Norðurpólnum.

Hvað er Spiral dansflokkurinn? Þetta var upphaflega stúdenta-dansflokkur. Við erum til dæmis leiklistarnemendur og háskólarnemendur úr ýmsum fögum. Svo erum við líka með dansara sem voru að klára menntaskóla og ætla sér í inntökupróf á dansbraut í LHÍ í vor. Þess vegna er þetta eins konar millibilsflokkur.

Hafa allir í flokknum einhverja reynslu af dansi? Það eru allir með einhverja reynslu en mismikla auðvitað. Leiklistarnemarnir eru kannski ekki með eins góðan grunn og margir þó þau hafi tekið kúrsa í skólanum sínum. En það er enginn að stíga sín fyrstu skref.

Semjið þið verkin sjálf? Núna fengum við til liðs við okkur norsk-an danshöfund, Karen Eide Bøen, sem kom hingað í fimm vikur til að vinna með flokknum. Verkið er að mestu spunavinna með dönsurum en svo er þetta þróað og sett saman af henni Karen. Hún er


núna farin en listrænar stjórnendur hafa séð um eftirvinnsluna með hópnum.

Um hvað er svo verkið *Discomfort in Comfort*? Við byrjuðum með vinnuheimili Heimilið. Sú hugmynd þróaðist svo út í hversdagsleika og rútínur í lífi fólks. Svo unnum við áfram með þá hugmynd og komum inn á það þegar fólk stígur út fyrir þægindarammann. Þetta er listræn tjáning á þessu öllu saman.

Af hverju ætti fólk að skella sér á verkið? Þetta er mjög frumlegt verk og ætti ekki að fara framhjá neinum dans-, leik-, búninga- eða tónlistaráhugamanni. Þetta er verk fyrir alla enda tjáningarform sem hver og einn getur túlkað á sinn hátt.

Ætlar Spiral dansflokkurinn að taka yfir heiminn? Kannski ekki yfir heiminn. Reykjavík er alla vegna byrjunarpunktur. Við byrjum smátt og vinnum út frá því.

jrr



RAGNA SVEINSDÓTTIR

Fyrstu sex: 040286.

Nám: Útskrifaðist úr viðskiptafræði vorið 2011.

Starf: Framkvæmdastjóri Spiral og ráðgjafi hjá Maritech.

Uppáhaldsdansari: Þyri Huld í Íslenska dansflokknum.

Uppáhaldsdansþáttur: So You Think You Can Dance.

Vejde Idrætshøjskole

KURSUSSTART DEN 9. AUGUST

með fókusi á íþróttir. Skólinn er staðsettur í Vejle og það eru góðar samgöngur til og frá Billund og Kaupmannahöfn. Verð fyrir 19 vikna uppihald fyrir nemendur sem koma frá Íslandi er 17.000 dkr.

“Borga þarf fyrir 1. maí”. Skólinn er í Samvinnu við UMFÍ.



BOLDSPIL

Fodbold · Håndbold · Badminton · Tennis · Basketball · Volleyball



FITNESS

Fitness instruktør · Aerobic & fitnessdance · Dance · Indoor Cycling, pump & boksning · Styrketræning · Fitness 360°



OUTDOOR

Outdoor Energy · Adventure race · Adventure forest · Ekspedition · Vandsport · Ski · Dykning · Maraton & triatlon



POLITI

Fysisk træning · Teoretisk undervisning · Samarbejde og holdopgave · Køreteknisk forløb · Besøg på politiskolen · Skydning



VEJLE IDRÆTSHØJSKOLE

Yderlig info kontakt Peter Sebastian /ps@vih.dk.

Læs mere på www.vih.dk

Starfsmaður frá skólanum verður á Íslandi 26.-29. mars og þá gefst kostur á að hitta hann og spurja hann spurninga um skólann.

EINFALDARI HRAÐARI SKEMMTILEGRI

Kominn í verslanir Vodafone!

Lumia 800 er með Windows Phone 7 stýrikerfinu sem hefur fengið frábæra dóma - er stílhreint, flott og hraðvirkt. Kynntu þér málið í næstu verslun okkar eða á vodafone.is

Þín ánægja er okkar markmið

NOKIA LUMIA 800

vodafone.is

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
Í BAKKALÁRNÁM TIL 23. MARS

MYNDLIST
TÓNLIST
HÖNNUN &
ARKITEKTÚR
LEIKLIST & DANS

RAFRÆNAR UMSÓKNIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR UM
INNTÖKUFERLI FYRIR HVERJA DEILD ERU Á WWW.LHI.IS

**Hönnunar- og
arkitektúrdeild**

Arkitektúr
Fatahönnun
Grafísk hönnun
Vöruhönnun

Leiklistar- og dansdeild

Fræði og framkvæmd
Samtímadans

Myndlistardeild

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur/söngur
Kirkjutónlist
Mennt og miðlun
Tónsmíðar
Diplómanám í hljóðfæraleik

Ólst upp í tívolíinu

„Ég sá að ég yrði aldrei Herra Langholtsskóli svo ég treysti á fyndnina," segir eftirherman **Sólmundur Hólm**

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Sigurgeir Sigurðsson

einar@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Grínistinn Sólmundur Hólm Sólmundarson skaust fram á sjónarsviðið sem ein færasta eftirherma landsins fyrir fáeinum árum. Síðan þá hefur hann haft fulla atvinnu af gríninu en mun á næstunni sjást á skjám allra landsmanna sem kynnrir í Hæfileikakeppni Íslands. Sóli er einn af þeim fáu Íslendingum sem ekki finnst á Facebook en á móti kemur að hann er gallharður Twitter-maður. Hann segir helsta muninn á Facebook og Twitter liggja í því að það skrifar enginn „statusa“ um börnin sín á Twitter. Sjálfur nýtur hann sín í botn í föðurhlutverkinu og á von á öðru barni sínu í dag. „Það segja reyndar allir að konan mín sé í rauninni að eignast sitt þriðja barn þótt hún hafi bara gengið með tvö,“ grínast Sóli með og vísar þá í að hann sé þriðja barnið í umsjá konunnar.

Hvernig krakki varst þú? Varst þú alltaf fyndni gæinn í bekknum? Ég var rosalega til baka í nýju umhverfi en hins vegar mjög opin og hress til dæmis í bekknum mínum. Ég reyndi að minnsta kosti alltaf að vera „fyndni gæinn í bekknum“, ég var meira að segja kosinn Fyndnasti maður Langholtsskóla í 10. bekk. Ég stefndi markvisst að því eftir að hafa lent í þriðja sæti árið áður. Ég sá að ég yrði aldrei valinn Herra Langholtsskóli svo ég treysti á fyndnina, eins og ég hef alltaf gert. Ég sé það til dæmis að við sonur minn sem er fjögurra ára, eigum þetta sameiginlegt. Við treystum á húmorinn til að komast í náðina hjá fólki. Hann sagði til dæmis við mig í morgun: „Pabbi, ég er fyndinn gaur,“ og þótti það greinilega viðurkenning. Ég var samt ekki þessi dæmigerði óþolandi athyglissjúki krakki. Ég hlýddi alveg kennurum og var alltaf í náðinni hjá þeim, þrátt fyrir að gleyma heimanáminu oft.

Hvað olli feimninni í nýju umhverfi? Af því að ég heiti Sólmundur. Í umhverfi þar sem allir vissu hvað ég heiti þá var þetta ekkert mál. Það sem var erfitt var að þurfa að segjast heita Sólmundur því viðbrögðin voru stundum undarleg. Sumir sögðu jafnvel að þetta væri asnalegt nafn og eitthvað (hlær). Þannig að þegar ég var að leika við krakka sem ég bjóst ekki við að hitta aftur, þá laug ég að ég héti Gunnar eða Atli.

Varst þú alltaf að leika þér í tívolíinu í Hveragerði? Já, ég er sem sagt skilnaðarbarn. Alinn upp hjá mömmu í Reykjavík en var mikið hjá pabba í Hveragerði á sumrin. Þá var maður bara í tívolíinu frá opnun til lokunar. Stóri bróðir minn, Daði, sem er nú árum eldri en ég var einmitt að vinna í tívolíinu og var þar af leiðandi með reikning í sjoppunni. Hann bauð mér kannski að fá mér sleikjó og skrifa á hann en ég hikaði þá ekki við að fá mér heila túnfisksamluku, ég óð í þennan reikning. Það mætti segja að ég sé alinn upp í tívolíinu líka.

Hvernig fór gelguskeiðið með þig? Hræðilega illa. Ég hef svo sem aldrei litið á mig sem eitthvert kyntákn eða augnmynd en á gelguskeiðinu var ég einstaklega ljótur unglingur. Veturinn í 9. bekk er versta ár lífs míns, ég held því statt og stöðugt fram. Þá var ég með teina og útsteyptur í bólum. Þú hugsar kannski: „Já, hann hefur verið með svona einhverjar nokkrar bólur og rauður um nefið,“ en nei, þetta var virkilega ógeðfellt. Ég óttaðist lengi að ég fengi svona Ray Liotta-ör í andlitid en það slapp.

Þú byrjaðir að æfa fótbolta tiltölulega seint. Já, ég var þrettán ára þegar ég byrjaði að æfa fótbolta og var þá jafnvigur á báða fætur. Þá á ég við að ég var svo lélegur að ég vissi ekki hvort ég væri réttfættur eða örvfættur. Ég var hræðilegur þegar ég byrjaði og ég náði því nú aldrei að verða góður en ég náði samt ótrúlegum framförum. Það hélt mér gangandi á gelguskeiðinu, að þótt ég væri ljótur þá var ég samt að bæta mig í boltanum.

Þú gekkst í Menntaskólann við Sund og eftir hann lá leið þín í viðskiptafræði. Var það alltaf planið? Nei, ég fór í sálfræði beint eftir MS, kláraði almennuna, eða síuna, og þá nennti ég ekki meiru. Svo fór ég að vinna hjá DV sumarið 2005 og ritstýrði síðan blaðinu Sirkus. Síðan fór ég í viðskiptafræði einfaldlega af því að ég var farinn að sjá

HRADASPURNINGAR

Fyrstu sex: 140783.

Uppáhaldsmatur: Nautalund.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Napoli.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: The Office, breska.

Fyndnasti maður heims: Ricky Gervais.

Æskuátrúnaðargoð: Stefán Hilmarsson.



gaura sem útskrifuðust með mér úr MS mætta á Range Rover hálfu ári eftir útskrift. Ég hugsaði: „Ókei, ég er að gera eitthvað vitlaust, ég ætla að fara í þetta.“ Mér fannst þetta líta vel út að vera kominn með svona allavega hálfu milljón á mánuði við útskrift og kominn upp í svona tvær, þrjár milljónir áður en langt um liði. Svo skall hrúnið á hálfu ári áður en ég kláraði og þar með voru peningarnir svolítið horfnir. Ég kláraði þó BS í viðskiptafræði og mun örugglega fara í framhaldsnám á því sviði.

Þú hefur getið þér gott orð sem eftirherma. Hvað ýtti þér út í þá iðju? Það hefur svo sem aldrei þurft að pína mig til að rífa í gítarinn í partíum og taka til dæmis Shaggy-eftirhermu. Sérstaklega áður en ég fór að vinna við þetta. Þegar ég var beðinn um það og þá gerði ég mér upp hógvæð: „Nei, hvað er þetta ... ekki núna!“ en var auðvitað bara að bíða eftir því að fá að taka í gítarinn. Þetta var náttúrulega ekkert annað en athyglissýki og þörf fyrir einhvers konar viðurkenningu. Mér líður vel sem miðpunktur athyglinnar en ber mig þó ekki eftir athyglinni. Þetta byrjaði sem sagt í partíunum, síðan fór ég í eftirhermukeppni hjá Loga Bergmanni en mest gerðist þetta eftir að ég skrifaði bókina um Gylfa Ægis. Eftir það sprakk þetta út og í dag er ég svo lánsamur að hafa viðurværi af þessu.

Hver er galdurinn á bak við eftirhermur? Æfir þú þig upp í að geta hermt eftir hverjum sem er eða velur þú þér viðfangsefni eftir einhverjum ákveðnum eiginleikum einstaklinganna? Þegar ég heyrir raddir fólks get ég sagt strax til um hvort ég geti hermt eftir einstaklingnum eða ekki, þetta dundrast bara inn í hausinn á mér eins og byssukúla. Þú getur hins vegar þjálfað þig upp í töktum, hvernig menn tala og hvaða „attitúð“ þeir eru með en röddin kemur annaðhvort strax – eða ekki. Ég held að það skipti líka miklu máli hjá eftirhermu að vita hverjum hún getur hermt eftir og hverjum ekki. Hversu oft hittir maður fólk sem telur sig geta hermt eftir Guðna Ágústssyni, Ólafi Ragnari eða Schwarzenegger? Það eru til of mörg slæm dæmi af því (hlær).

■ ■ Síðan fór ég í viðskiptafræði einfaldlega af því að ég var farinn að sjá gaura sem útskrifuðust með mér úr MS mætta á Range Rover hálfu ári eftir útskrift.

Þú hermir eftir Gylfa Ægis, kallar hann bransapabba þinn og skrifaðir ævisögu hans. Hvað er málið með ykkur tvo? Við þekktumst eiginlega ekkert áður en ég skrifaði bókina. Ég hafði tekið nokkur viðtöl við hann og fengið þá flugu í hausinn að það væri gaman að skrifa um hann. Áður en ég komst til að spyrja hann heyrði ég að Sverrir Stormsker ætlaði að skrifa ævisöguna hans. Ég nýtti síðan tækifærið, þegar ég svaraði samtali frá honum þar sem hann var að reyna að ná í Ellý Ármanns á visir.is, til að spyrja hvernig gengi hjá Sverri að skrifa söguna hans og þá svaraði hann:



„Sverrir fór bara í blöðurnar úti á Tælandi, maður!“ og átti þá við að hann væri farinn á kvennafar. Svo bætti hann við: „Heyrðu, vilt þú ekki bara gera þetta?“ og ég sagðist að sjálfsgögu vera meira en til. Þetta gerðist 17. júní 2009 og ég skilaði verkefninu fullunnu í september. Þetta var yndislegt og við erum góðir vinir í dag. Hann kemur í afmælið hjá syni mínum og var í brúðkaupinu mínu þar sem við tókum lagið saman.

Hringir aldrei neinn í þig og segist ósáttur við að þú sért að gera grín að honum? Nei aldrei, það eru nefnilega allir rosalega ánægðir. Ég passa mig líka þegar ég geri grín að fólki að tala ekki illa um það. Augljóslega er ég þakklátur fyrir að þetta fólk sé frægt og ég geti fengið borgað fyrir að herma eftir því svo það væri mjög asnalegt ef ég væri að rakka það niður, ég myndi aldrei gera það. Þannig að það taka þessu allir vel og Herbert Guðmundsson er sérlega gott dæmi um það. Hann hefur beðið mig um að herma eftir sér í búningaklefanum í Sporthúsinu fyrir framan fjölda naktra kynbræðra. Ég hermi reyndar sjaldnast eftir þessu fólki fyrir framan það. Pabbi kenndi mér þá reglu að maður ætti ekki að gera grín að gestunum fyrr en þeir eru farnir og ég lifi svolítið eftir því.

Þér hefur gengið vel í gríninu en þú ekki alltaf slegið í gegn, er það? Núrorðið gengur alltaf mjög vel en það er eitt gígg eftirminnilegt sem mitt versta gígg. Ég kalla það Reihallargígg. Það var eitt af fyrstu gíggunum sem ég var bókaður af einhverjum sem ég þekkti ekki neitt og mér fannst það mikið stökk. Þetta var á einhverri hestasyningu og ég átti að troða upp í hléinu. Ég reddaði mér kúrekastígvelum, kúrekahatti, köflótrri skyrta og setti á mig sylgjubelti til að gera þetta flottara. Það vissi náttúrulega enginn þarna hver ég var og þegar ég byrjaði að syngja löbbuðu



viðtalið

bókstaflega allir út í sjoppuna á meðan. Innan skamms var salurinn bara tómur og ég ætlaði að fá fólk til að syngja með mér og hlæja en það hló náttúrulega enginn. Þetta var steindautt og ég vissi ekkert hvað ég var að gera. Í partíunum var ég vanur að eftirhermurnar mínar slægiu alltaf í gegn svo ég undirbjó mig ekki fyrir neitt svona. Í minningunni heyrir ég meira að segja einhvern í salnum þú. Ég kláraði þrjú lög, þakkaði fyrir mig en mér leið ömurlega. Ég ætlaði að forða mér en þá mætir allt í einu gaurinn sem var að sjá um sýninguna og segir: „Heyrðu, skeiðklukkan okkar er biluð. Þú verður að fara upp á svið aftur!“ Þannig að ég var þarna, niðurbrotinn en þurfti samt að fara aftur inn á svið fyrir framan áhorfendur sem hefðu ekki neitt að hlusta á mig þótt þeir fengu borgað fyrir það. Ég verð meira að segja lítill í mér við það að rifja þetta upp. Ég var auðvitað glataður aftur og þarna ákvað ég að ég ætlaði aldrei að verða skemmtikraftur. Það er ekkert jafniðurlægjandi og að labba út eftir ömurlegt gigg með kúrekahatt og í kúrekastígvélum.

Vappar þú gjarnan um íbúðina heima hjá þér nakinn, jafnvel þegar það eru gestir í heimsókn? Djöfull hefur þú farið í djúpar rannsóknir! Ég vappa nú ekki um nakinn, ég er ekki sjúkur. Þrátt fyrir það hefur mágkona mín séð á mér sprellann – óvart. Ég er ótrúlega utan við mig og það kom algjörlega á daginn í þessu tilfelli með litlu systur konunnar minnar. Ég tek fram að hún var ríflega tvítug þegar þetta gerðist – sagan er nógu slæm samt. Hún var sem sagt í heimsókn og þær systur að horfa á sjónvarpið þegar ég kom fram úr sturtunni og var með handklæðið utan um mig. Ég stóð hjá og horfði á sjónvarpið þegar ég fann að ég var blautur aftan á hálsinum. Annars hugar, tók ég handklæðið frá miðsvæðinu og byrjaði að þurrka á mér hálsinn. Ég fattaði ekkert fyrr en frúin fór að góla. Þá kippist ég auðvitað við, haldi mitt heilagasta og stökk inn í herbergi. Vá, þetta hljómar eins og vitnisburður sakbornings fyrir héraðsdómi.

Þú stýrir sjónvarpsþættinum Ha? Var það alltaf draumur hjá þér að komast í sjónvarp? Ég held að ef þú ert í þessum skemmtibransa þá ertu alltaf að sækjast eftir því að ná til eins stórs hóps af fólki og þú getur. Þar af leiðandi stefndi ég alltaf óbeint í ljósvakamiðla en datt ekki beint í hug að það yrði með þessum hætti, það er að segja í spurningaþætti. Jóí G, Birna pródúsent og Stefán Pálsson eiga samt mestan heiður af þessum þætti. Hann er þeirra hugarsmið en ég er bara bullustertur.

Þú munt fara með hlutverk kynnis í Hæfileikakeppni Íslands. Ert þú búinn að vera að stúdera Ryan Seacrest? Frekar hann allavega heldur en gæjann í X-Factor, sá er hrikalegur. Ég er samt mun ómyndarlegri og feitari en Ryan Seacrest svo ég þarf kannski að finna einhverja nýja nálgun. Annars leggstu þetta mjög vel í mig. Ég held að það sé mikilvægast í þessu að vera ekki að rembast við að stæla einhvern heldur að vera maður sjálfur. Mér finnst þetta líka spennandi hópur sem búið er að setja saman, Þorvaldur Davíð, Steinunn Ólína og Anna Svava. Þetta verður skemmtileg og afslöppuð stemning í staðinn fyrir neonljósaborð og bjöllur. Ég vona bara að ég geti sýnt á mér einhverjar skemmtilegar hliðar, en faglegar.

Hvernig væri hið fullkomna atriði í þínum huga? Ég myndi náttúrulega helst vilja fá einhverja háaldraða konu sem syngur eins og Whitney Houston, það væri ótrúlega gaman. Síðan er alltaf til fólk sem getur gert eitthvað fáránlegt eins og að prumpa Gangstas Paradise, það er fyndið. Ég hugsa að hið fullkomna atriði sé þó eitthvað sem gefur manni annaðhvort gæsahúð eða kallar fram hysterískan hlátur.

Seg þú mér eitt, af hverju kallar konan þín þig Daniél þessa dagana? Það hefur kannski ekki komið nógu skýrt fram en ég lít á mig sem vaxtaræktarman. Ég er

mjög öfgakenndur þegar ég tek mig á í ræktinni, kaupi allar pillur og öll duft og úða þessu öllu í mig. Ég held ég hafi ekki prófað neitt ólöglegt en grunar að þegar ég fékk brennslupillur í glæru ómerkту glasi, þá hafi ég dansað á línunni. Svo endar þetta alltaf með því að ég hætti að æfa og blæs út. Þegar konan mín var ólétt síðast þyngdist ég um þrettán kíló, úr 74 í 87 kíló. Ég á að vera svona 80 kíló. Hún vill meina að andlitið mitt hafi breyst eitthvað eftir að ég fitnaði, segir að ég sé bara annar maður, og kallar mig þá bara „Daniél“ og ætlar að gera það þangað til ég hef rífið mig upp. Daniél er sem sagt hinn feiti Sólmundur Hólm, ekki vísun í neinn feitan Daniél.

Þú ert eins barns faðir með annað á leiðinni. Hver er mesta snilldin við það að vera pabbi? Já, þegar þetta birtist á seinna barnið meira að segja að vera fætt, annar sonur. Konan er kasólétt og fer í keisaraskurð á fimmtudaginn (í dag). Ég hef annars gaman af því að fá þessa spurningu, mig hefur lengi dreymt um að fá að koma í viðtal og tala um föðurhlutverkið (hlær). Ég held að mesta snilldin við föðurhlutverkið sé að fylgjast með uppvexti, þroska og framförum barnsins. Þetta byrjar þegar þú færð lítinn varnarlausan hvítvoðung í hendurnar sem gerir ekki annað en að sofa og drekka. En þú ert samt að rífa úr stolti. Með hverju þroskaskrefi barnsins fyllist þú stolti og þú lætur eins og aldrei hafi annað barn byrjað að tala eða labba. Barnið mótir síðan karakter og verður enn skemmtilegra. Þannig má í raun segja að stoltið innra með manni vegna barnsins sé mesta snilldin. Svo skemmir ekki fyrir hjá sjálfhverfum einstaklingi eins og mér að sjá hvað hann Matthías minn er líkur mér en sem betur fer er hann einnig líkur mömmu sinni því hún er mörgum klössum fyrir ofan mig í útliti og innræti.

Hvað ber framtíðin í skauti sér? Er þetta ekki frekar einfalt, bara að halda áfram með þetta líf. Fyrsta skrefið er að aðlagast sem tveggja barna faðir samhliða spennandi verkefnum. Eins og þú heyrir þá á ég erfitt með að plana hlutina of langt fram í tímann. Ég velti mér ekkert upp úr fortíðinni og leyfi mér aldrei að hafa áhyggjur af framtíðinni. Núið verður ekki flúið – fyrr en það er búið. Því er um að gera að njóta þess.

ÞETTA EÐA HITT

Tivolíð í Hveragerði eða Eden? Tivolíð.

Laugardalsvöllur eða Valbjarnarvöllur? Valbjarnarvöllur, betri stemning.

Gylfi Ægis eða Herbert Guðmunds? Gylfi Ægis, ég þekki hann betur en Herbert er líka frábær persóna.

Hvort myndir þú frekar fara í teygjustökk eða taka þátt í nautaafti? Teygjustökk.

Hvort myndir þú frekar gleypa lifandi frosk eða borða morgunmatarskál af dauðum kakkalökkum? Ég tæki kakkalakkana. Það er eitthvað skrytið við að setja lifandi dýr upp í sig. Erú kakkalakkar ekki bara hollir?



■ ■ *Það er ekkert jafniðurlægjandi og að labba út eftir ömurlegt gigg með kúrekahatt og í kúrekastígvélum.*





VINNUR ÞÚ MILLJÓN?

TAKTU ÞÁTT
Í MAGNAÐRI
HÆFILEIKAKEPPNI

Ertu snillingur í einhverju? Kanntu að gleypa eld? Tala afturábak? Syngurðu vel eða hermir eftir húsdýrum? Farðu inn á mbl.is og settu inn myndband af þér eða hópnum þínum. **Frestur til að senda inn rennur út á miðnætti 14. mars.**



VEGNA FJÖLDA
ÁSKORANA
LENGJUM VIÐ
FRESTINN TIL
14. MARS!

Hringdu núna og tryggðu þér áskrift í síma
595 6000, eða smelltu þér á skjareinn.is



SKJAREINN

mbl.is

FERILLINN



Rachel McAdams

Hæð: 163 sentimetrar.
Besta hlutverk: Allison „Allie“ Hamilton í *The Notebook*.
Skrýtin staðreynd: Rachel fæddist á sama sjúkrahúsi og Ryan Gosling, mótleikari hennar í *The Notebook*.
Eitruð tilvitnun: Það getur verið skrýtið að gera kvikmyndir en að leika í ástaratriði á móti einhverjum sem þú hefur jafnvel ekki heilsað virkar ágætlega því þá er ferskleiki í sambandinu.

1978 Fæðist þann 17. nóvember í London, Ontario í Kanada.

1982 Byrjar að æfa listdans á skautum. Hún æfir og keppir til 18 ára aldurs og segir sjálf að íþróttin hafi hjálpað sér í leiklist því hún sé í sambandi við líkama sinn.

1990 Byrjar í leikhópnum Original Kids Theater Company.

2001 Leikur í MTV-þættinum *Shotgun Love Dolls*. Útskrifast af leiklistardeild York-háskóla. Leikur í fyrstu kvikmynd sinni *My Name is Tanino*. Myndin er tekin upp í Sikiley og er þetta í fyrsta sinn sem Rachel ferðast í flugvél.

2002 Leikur í sinni fyrstu Hollywood-kvikmynd, *The Hot Chick*.

2004 Fer með hlutverk sem kemur henni endanlega á koppinn þegar hún leikur Regina George í *Mean Girls* en hún hlýtur tvenn MTV-verðlaun fyrir hlutverkið. Leikur Allie í *The Notebook*, sem sumir kalla rómantískustu mynd allra tíma og hlýtur ein MTV-verðlaun og fern Teen Choice-verðlaun.

2005 Byrjar í sambandi með Ryan Gosling sem endist í tvö ár. Leikur í *The Wedding Crashers*, *Red Eye* og *Family Stone*.

2006 Tekur sér hlé frá kvikmyndaleik. Hún fer með hlutverk í Píkusögum til styrktar V-deginum.

2009 Verður áberandi á nýjan leik og leikur í *State of Play*, *Time Traveler's Wife* og *Sherlock Holmes*.

2010 Kynnist núverandi ástmanni sínum, velska leikaranum Michael Sheen, við tókur á *Midnight in Paris*.



MYNDIN THE VOW TENGIST FLUGFÉLAGINU WOW EKKI NEITT

FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Vow

Þau Leo og Paige eru ung og nýgift hjón sem sjá vart sólna hvort fyrir öðru. Kvöld eitt þegar þau eru á heimleið í mikilli hálfu ekur stór vöruflutningabíll aftan á bíl þeirra með þeim afleiðingum að flytja þarf þau á sjúkrahús. Leo jafnar sig á slysinu á tiltölulega stuttum tíma en öðru máli gegnir um Paige sem vaknar upp gjörsamlega minnislaus um síðustu fimm árin í lífi sínu. Þar með man hún hvorki eftir Leo né hjónabandi þeirra. Þrátt fyrir að læknar telji

Leikstjóri: Michael Sucsy.
Aðalhlutverk: Rachel McAdams, Channing Tatum, Jessica Lange, Sam Neill, Wendy Crewson og Scott Speedman.
Lengd: 104 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð öllum aldurshópum.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Laugarásbíó.

að Paige eigi eftir að fá minnið aftur lætur það bíða eftir sér og það versta er að um leið hefur Paige algjörlega gleymt ástinni sem hún bar til Leos. Þess í stað upplifir hún tilveruna þannig að hún sé enn í sambandi við fyrverandi kærasta sinn, þann sem hún var með áður en hún hitti Leo. Við þessum sérstöku aðstæðum þarf Leo að bregðast og ákveður að það eina sem hann getur gert er að vinna ástir Paige að nýju og þar með í annað sinn.

Aðrar frumsýningar: John Carter

„You shall not pass!“
 Lord of the Rings: *The Fellowship of the Ring* (2001)

KVIKMYND



Fagmennska í fyrirrúmi

Svartur á leik er frábær íslensk kvikmynd og örugglega ein sú besta í áraröðir. Hún er hröð, spennandi og frábærlega leikin. Sögusviðið er Reykjavík árið 1999 þar sem ákveðin umskipti urðu í undirheiminum Reykjavíkur. Sagan snýst aðallega um Stebba sækó sem dregst inn í fíkniefnasölu og heim sem er troðfullur af ofbeldi. Eins og svo oft missa menn tókin á partiinu og þá er eins gott að hugsa um eigið skinn og ekkert annað. Það er langt síðan ég sá jafn þetta íslenska mynd og það sem einkennir hana út í gegn er fyrst og fremst fagmennska. Einnig var gaman að sjá hvað árið 1999 komst vel til skila. Kúdos á það. Óskar Þór Axelsson er mjög góður í leikstjórnastólnum, nær fram því besta úr öllum leikurumum og hefur hreinlega frábær tök á þessu öllu. Það kom reyndar smá kaflum um miðbik myndarinnar þar sem hún missti aðeins dampinn. Ég fyrirgef það hins vegar því endirinn var grjótharður.



Allt leikaraval er til fyrirmyndar þar sem Þorvaldur Davíð, Jóhannes Haukur og Damon Younger fara hreinlega á kostum. Þeir smellpassa allir í þessi hlutverk og sýna sínar bestu hliðar. María Birta er einnig mjög góð sem hin villta Dagný og ekki má gleyma Agli Einarssyni. Grjótse hlær hreinlega að þessu. Tónlistin er frábær og passar hún mjög vel við andrúmsloft myndarinnar. Einhver atriði myndarinnar munu eflaust fara fyrir hjartað á sumum en Óskar Þór fær mik-ið hrós fyrir að hafa pung í sýna þetta í réttu ljósi. Að lokum vil ég lýsa yfir ánægju minni með þróun íslenskrar kvikmyndagerðar. Hún er alltaf að verða betri og betri. Ég vona innilega að þessi þróun haldi áfram.



Tómas Leifsson

SVARTUR Á LEIK



Windows Phone

EINFALDARI HRAÐARI SKEMMTILEGRI

Allt á einum stað!
 Vertu í stöðugu sambandi við vinina í gegnum Facebook, Twitter og aðra samfélagsmiðla með Lumia 800. Kynntu þér málið í næstu verslun okkar eða á vodafone.is

Þín ánægja er okkar markmið

NOKIA LUMIA 800

vodafone.is

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á *The Vow á leik*, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladid

Bað stelpu og fékk leiklistarbakkeríuna

Fríða Hansen og Orri Davíðsson fara með aðalhlutverkin í sýningunni **Týpísk ástarsaga** sem Fjölbrautaskóli Suðurlands frumsýnir á Hótel Selfossi í kvöld

ORRI DAVÍÐSSON

Skóli: Fjölbrautaskóli Suðurlands.
Hlutverk: Albert Snær eða Berti.
Fyrstu sex: 280591.
Uppáhaldsleikari: Hilmir Snær og Jóhannes Haukur er að koma sterkur inn.
Uppáhalds Disney-persóna: Múfasa.

FRÍÐA HANSEN

Skóli: Fjölbrautaskóli Suðurlands.
Hlutverk: Mæja.
Fyrstu sex: 050195
Uppáhaldsleikrit: Grease
Uppáhalds Disney-persóna: Fríða, nafna mín, í Fríðu og Dýrinu. Hún er rauðhærð og brúneygð eins og ég.

Hvernig mynduð þið lýsa ykkar persónum, Mæju og Berta?

Mæja er rosalega hlutlaus, hún er mikil sveitastelpa sem fylgir bara straumnum. En hún er voða indæl.
Berti er aðaltöfvarinn í skólanum. Það er samt alltaf eitthvað stelpu-vesen á honum. Hann veit ekkert í hvorn fótinn hann á að stíga og verður hálfgerður vælukjói þegar ástin ruglar hann í ríminu.

Sjáið þið ykkur sjálf í persónunum?

Ég get ekki sagt að ég eigi margt sameiginlegt með Berta og ef ég væri í rugli með ástina þá myndi ég ekkert viðurkenna það.
Mér finnst við Mæja alveg þínu líkar en ekkert brjálað. Hún er góð við alla og er rosalega fin. Mér finnst ég alveg vera þannig líka, mér finnst ég ekki vera vond við neinn. Ég er sveitastelpa og á hesta eins og Mæja og fer mikið og ríð út.

Hvar ferðu og ríður út?

Við erum með hesta heima í sveitinni, í Leirubakka. Við erum með ferðabjónustu þar.

Viltu auglýsa ferðabjónustuna í blaðinu?

Við erum með flott lítið sveitahótel og finan veitingastað við Hekklurætur. Það er brjálað að gera þarna á sumrin. Þetta er voða gaman.

En um hvað er leikritið?

Þetta er eins konar samblanda af öllum þessum ástarsöngleikjum, Grease og fleirum. Þetta er bara týpísk ástarsaga þar sem það kemur ný stelpa í skólann og hún verður skotin í sætasta stráknum.
Krakkarnir í leikritinu eru saman í bekk og eiga öll í einhverjum vandræðum með ástina og leikritið fjallar í raun um hvernig þau takast á við vandræðin.

Þú ert á lokaári, Orri en þú, Fríða, ert nýnemi. En þið eruð bæði að taka þátt í fyrsta sinn. Hvað gerðuð þið til að fá aðalhlutverkið?

Ég tók þátt í litlum leikþætti í söngvakeppni FSU. Þá lék ég svipaðan gæja því hann hélt að hann væri algjör tappi en hittir stelpu og þá fer allt í klessu. Annars er ég bara nýfarinn að læra eitthvað í leiklistinni.
Ég var alltaf í leikritum í grunnskóla og það er engin tilviljun að ég hafi endað í leikritinu hér. Systir mín var formaður leikfélagsins fyrir einhverjum árum og þetta hefur næstum því verið stefnan hjá mér síðan.

Varst þú alltaf að ríða út og hugsa að þú ætlaðir að fara í leiklist?

Nei, alls ekki. En ég er mjög opin fyrir öllu. Ég hef líka áhuga á tónlist, spila á gítar og syng og er að læra á píanó í augnablikinu. Stefnan er ekkert endilega sett á leiklist í framtíðinni en það væri gaman.
Ég hef mikið verið að þæla með framtíðina. Ég er kominn með ótrúlega mikinn áhuga á leiklistinni. Ég finn mig virkilega vel í þessu. Ég hef verið í íþróttum allt mitt líf en það gæti vel verið að ég myndi skoða möguleikann á því að taka leiklistina eitthvað lengra.

Hvenær áttuðuð þið ykkur á því að þið gætuð leikið?

Mér hefur alltaf þótt gaman að koma fram, það hefur aldrei verið neitt mál. Það kemur sér ágætlega þegar maður er að taka þátt í leikritum.
Ætli það hafi ekki verið í leikritinu í söngvakeppninni. Þar kom ég inn í atriði þar sem ég var mjög einlægur og tjáði ást mína á stelpu og átti að biðja hennar. Ég hljóp í stúkuna og kyssti stelpuna og svona og það voru mjög margir sem héldu að þetta væri alvöru. Svo var ég hvattur til að koma og vera með í leikritinu svo ég sló til.

Hvers vegna ætti fólk að skella sér á Týpíska ástarsögu?

Þetta er ógeðslega myndið stykki og tónlistin er góð.
Fólk mun hafa gaman af kjánalátunum í okkur.

TÝPÍSK ÁSTARSAGA

Menning
í mennto

Mynd/Sigurgeir

jrr

Kominn í Elko!



VILTU VINNA EINTAK?



9. HVER VINNUR!
FJÖLDI AUKAVINNINGA

SENDU EST MASS Í NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!

TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 199 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.



LOKAPRÓFIÐ

| 8. mars 2012 |



Ég heiti Guðmundur Eggert Stephensen Ef ég væri ekki Guðmundur Eggert Stephensen myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að ég var að gefa út píötú

Um síðustu helgi varð ég Íslandsmeistari í borðtennis í 19 sinn en ég var 11 ára þegar ég varð Íslandsmeistari í fyrsta skipti.

Á neðstu hæðinni í húsi foreldra minna má sjá tvær úrklippur af blaðagreinum með mér og þar eru þóttir verðlaunapeningar sem ég hef unnið og af margri bikarar.

Þegar ég tók við bikarum á sunnudaginn hugaði ég:
a) „Á ekkert að fara að veita kallinum smá samkeppni hér á klakanum?“
b) „Ég tek titil númer tuttugu á næsta ári og hætti svo þessu rugli.“
c) „Er þetta falin myndavél?“
d) „Er samstaðan á burt í Samstöðu?“



en á sama tíma hugsaði ég mjög hlýtt til þetta var þóttur þessa húsunin
Upphaldið mitt í íþróttinni er
a) netið
b) borðið
c) spaðinn
d) kúlan

af því að ham gerir sport í svo skemmtilegt

Ég er mikill áhugamaður um ljós og upphaldsperumar mínar eru
a) 35 W halogen
b) allar gerðir af sparperum
c) 40 W flúrhringur
d) 69, Led perur frá Dura
hva er geður!!!

Mestu vonbrigðin á mínum ferli eru að
a) ég hafi aldrei verið íþróttamaður ársins.
b) ég hafi ekki unnið hollenska meistaratitilinn í fyrra með félögum mínum í Zoetermeer.
c) hafa ekki komist á Ólympíuleikana í Apenu 2004.
d) enginn hafi unnið mig á Íslandsmóttinu.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Guðmundur Eggert Stephensen



a) Arnar Eggert Thoroddsen, tónlistar-spekúlant.

b) Guðmundur Tyrfingsson ehf, rútfyrirtæki

c) Guðmundur góði Arason, biskup á Hólum 1203-1237

d) Guðmundur Steingrímsson, stjórnmálamaður

e) Gummi Torfa



af því að þetta var þóttur þessa húsunin
hva er geður!!!

Ég gæti haldið með mörgum félögum á Íslandi en innst inni slær

- a) FH-hjartað
- b) Fram-hjartað
- c) Víkings-hjartað
- d) Þróttara-hjartað
- e) _____

hvað mest þar sem ég er allur
allur í þóttir sem þer
bulu upp í fótbolti og hand

Stærsti draumurinn minn er að

- a) eignast Hummer-jeppa.
- b) gera hálfra mínútu auglýsingu um sjálfan mig og sýna hana fyrir Áramótaskaupið.
- c) vera hamingjusaumur til æviloka.
- d) komast á Ólympíuleikana í Lundúnum í sumar.

Þegar ég er ekki að keppa

- a) leigi ég mér alltaf spólu.
- b) fer ég í fótbolta.
- c) fer ég í kjallarann hjá mömmu og þabba og leik mér í borðtennis.
- d) tek ég því rólega með fallettu fjölskyldunni minni.
- e) er ég í vinnu



Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

lights in Refirumarkalunum

Síðast en ekki síst

» Arnar Freyr Frostason, rappari, filar:

Kvikmynd: Sá Young Adult um helgina og hún fokkaði mér upp. Ég er ekki viss um hvort það sé gott eða slæmt en ég kann alltaf að meta það þegar myndir fokka mér upp. Þunglyndisleg stórskemmtun.



Plata: Man on the Moon II með Kid Cudi breytti mér sem manneskju. Section.80 með Kendrick Lamar sömuleiðis. Öll trílógían með The Weeknd líka. Var svo að fá 4evaNaDay með Big Krit og mig grunar að ég muni missa titið.



Þáttur: 90% af því sem ég horfi á eru teiknimyndabættir en af leiknu efni er New Girl best. Er líka veikur fyrir Walking Dead þótt þeir eigi það til að verða óhóflega dramatískir. Blóðið bætir upp fyrir það.



Vefsíða: Ferðalög mín um Internetið eru eitthvað sem ég myndi aldrei ræða um á opinberum vettvangi.

Upphaldsmyndasögurnar mínar má samt finna á www.three-wordphrase.com.



Bók: Síðan ég beilaði á bókmenntafræðinni seinasta vor hef ég ekki lesið eina einustu bók. Það rann upp fyrir mér í þessum rituðu orðum og ég skammast mín.



Staður: Heimili foreldra minna á Sauðárkróki er minn gríðarstaður. Annars er það stúdíó félaga minna í Redd Lights.



ERT ÞÚ ALLTAF

Á TÁNUM

**OG TÆKIR ÞIG VEL ÚT
Á SKJÁNUM?**

Nú leitar **Monitor** að hressum einstaklingi sem er tilbúinn að gera létt og skemmtilegt **sjónvarpsefni** fyrir MonitorTV.

Ef þú telur þig eiga heima á skjánum sendu þá umsókn á **tv@monitor.is** fyrir mánudaginn **12. mars**.

MONITOR TV

Hefurðu áhuga á forritun, tölvum og hönnun?

Komdu á Forritunarkeppni framhaldsskólanna
í Háskólanum í Reykjavík á laugardaginn.

Nánari upplýsingar á www.forritun.is og www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Friðrik Már Jónsson

- Stúdent frá Verzló 2009
- Tölvunarfræðideild, 2. ár. Tók sína örn í skiptinámi í Kanada
- Áhersla í námi: forritun gagnvirkra vefja, eins og Facebook og Google, verkefnastjórn hugbúnaðar
- Áhugamál: Borgarskipulag, tónlist og ísbilturar á sunnudögum

Marjan Sirjani

- Dósent í tölvunarfræðideild
- Doktorspróf frá Sharif University of Technology í Tehran í Iran
- Sérsvið: Hugbúnaðarverkfræði
- Sítur í fagraði Rannsóknasjóðs Íslands á sviði verkfræði, tæknivísinda og raunvísinda